

Sent rafrænt  
nefnasvid@althing.is

Reykjavík, 12. apríl 2021

**Efni: Frumvarp til laga um félög til almannaheilla 151. löggjafarþing 2020-2021, þingskjal 1030, 603.  
mál („frumvarpið“)**

Um uppfært frumvarp er að ræða og hefur Rauði krossinn á Íslandi sent inn umsagnir um fyrri útgáfur þess, m.a. varðandi þær takmarkanir sem óhjákvæmilega leiða af því að Rauði krossinn á Íslandi, og aðildarfélög hans, eru hluti af alheimssamtökum Rauða krossins.

Með fyrirliggjandi frumvarpi hefur verið komið til móts við þau sjónarmið sem Rauði krossinn hefur bent á. Í 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að löggin eigi ekki að gilda um „skráningarskyld félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri“. Telur Rauði krossinn að ákvæðið eigi klárlega við starfsemi sína í heild hér á landi og gerir því ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri.